

1861. hluta af hreppnum meðan báðir hrepparnir voru sameinaðir, getur  
 2. nóvemb. gjört að verkum, að hann eigi framfærslurætt í öðrum hreppnum fremur en í hinum, en þegar svona stendur á eiga báðir hreppar í sameiningu að sjá fyrir þurfamönnunum.

9. desemb. **80. Lög um eptirlaun handa Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík.**

Vér Friðrik hinn sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallizt á og Vér stadfest með samþykki voru:

Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, riddara dannebrogssordunnar, veitast 1000 ríkisdalir á ári hverju í eptirlaun, þá er hann fær lausn frá embætti sínu.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.

### Ástæður fyrir lögum þessum.

Björn Gunnlaugsson, yfirkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá um, að annaðhvort verði hækkuð laun þau, er hann nú hefir, eða honum að öðrum kosti veitt lausn frá embætti sínu, með eptirlaunum, er eigi sèu minni en embættistekjur hans, en þær eru 1050 rdl.

Björn yfirkennari Gunnlaugsson hefir nú þrjá um sjötugt, og hefir í 29 ár verið kennari við hinn lærða skóla á Íslandi, bæði á Bessastöðum og í Reykjavík; var hann aðjúnkt (undirkennari) þangað til 1851, en síðan yfirkennari. Þegar snemma á æskuárum hans hafði borið á, hversu mjög hann var hneigður fyrir rúmálmálsfræði og stjórnufræði, og eptir að hann árið 1817 var kominn til háskólans heppnaðist honum skjótt að ávinna sèr álit fyrir hinar sjaldgæfu og frábæru gáfur sínar í þessum greinum; því á fyrstu háskólaárum sínum hlaut hann tvisvar sinnum gullpening háskól-

ans fyrir úrlausn á spurningum í rúmmálsfræði, er heitið var fyrir verðlaunum. Eptir að hann í 5 ár hafði stundað vísindi þau, er hann unni svo mjög, var hann skipaður kennari við hinn lærða skóla á Íslandi, og hefir hann síðan gegnt þeirri köllun heiðarlega, og kennt rúmmálsfræði, reikningslist og náttúrufræði. 1861. 9. desemb.

Auk þessa embættisstarfa síns hefir hann á annan hátt unnið mikið gagn fósturjörðu sinni; því 18 ár ferðaðist hann í sumarleyfinu um land allt og mældi það, og safnaði þannig efni í uppdrátt yfir allt Ísland; hefir hið íslenska bókmentafélag síðar gefið út uppdrátt þenna, og er hann að þeirra áliti, er vit hafa á því, mjög vandlega til búinn. Þolgæði það og kapp, er hann lagði fram til að sigrast á hinum mörgu erfiðleikum, er af náttúrunnar hálfu voru til tálmunar verki hans, er því virðingarverðara, sem kjör þau, er hann átti við að búa, meðan hann vann að því, voru engan veginn hagfelld, er hann að eins fékk í fæðispeninga einn ríkisdal um daginn, og síðar í viðbót 100 ríkisdali á ári úr ríkissjóði. Það er og einkum í viðurkenningar skyni fyrir þenna gagnlega starfa hans, að honum hefir verið veittur riddarakross dannebrogsofðunnar, og að Frakka keisari hefir sæmt hann riddaraorðu heiðursfylkingarinnar.

Með því nú að ellilasleiki Bjarnar Gunnlaugssonar fer í vöxt, og það því er æskilegt, að honum verði veitt lausn frá embætti sínu, eins og hann hefir um sótt, hefir stjórnarráðinu ekki þótt ráðlegt að reyna að útvega honum launaviðbót; en með því þau eptirlaun, hér um bil 750 rdl., sem hann mundi fá eptir lögunum um eptirlaun embættismanna, eru öldungis ónóg til viðurværis honum sjálfum og heimili hans, þá hefir þótt vera ástæða til að hækka eptirlaun þessi á þann hátt, sem stungið er uppá í frumvarpi því, sem hér er að framan; hafa og stiptyfirvöldin á Íslandi innilega mælt með því, að svo væri gjört<sup>1</sup>.

1) Ástæður þessar fylgdu frumvarpi, er var lagt fyrir ríkisþing Dana 1861, en frumvarp þetta var samþykkt öldungis óbreytt, og var því öldungis eins hljóðandi og lögin 9. desemberm. 1861, sem

1861.

12. desemb.

## 81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun vaxta af ríkisskuldabréfum með rentuseðlum.

Eins og sjá má af meðfylgjandi skjölum, hefir fjárstjórnin í bréfi til dómsmálastjórnarinnar stungið upp á, að gjörðar sæu ýmsar ráðstafanir til, að vextir af hinum nýju ríkisskuldabréfum

---

hér eru að framan. Þá er frumvarpið var til fyrstu umræðu á fólksþingi, fór C. W. Rimestad, ríkisdagsmaður, um það þessum orðum:

„Það hefir glatt mig mjög að sjá, að nú, þegar Björn Gunnlaugsson er orðinn gamall og hættur að geta unnið, er tekið svo mjög til greina hvað hann hefir afrekað, að hann fær eptirlaun, er koma nærri embættislaunum þeim, er hann hefir haft. Mér virðist að málefni þetta ekki geti mætt hinni minnstu mótsþyrnu, og eg skyldi ekki hafa tekið til máls, heldur látið mér nægja með það, sem hinu heiðraða þingi er kunnugt orðið af ástæðunum fyrir frumvarpinu, ef eg ekki hefði álitnið að það væri rétt vegna mannsins sjálfs, að hér í þingsalnm væri farið nokkrum orðum um málið, og einkum að berlega væri tekið fram, að menn kannist við hvað hann hefir gjört. Þessi maður hefir unnið verk, sem fádæmi eru að nokkur maður hafi mátt og vilja til að afkasta. Hver sem vill líta á landabréfið yfir Ísland, þenna stóra og merkilega ríkisluta, einsog það var áður en Björn Gunnlaugsson hóf hin erfðu ferðalög sín, er hann hélt stöðugt áfram í 18 ár, á ey, sem er nálega helmingi stærri en aðallönd hins danska konungsveldis, og sem er 4—5 sinnum stærri en Jótland, hann getur gjört sér hugmynd um hið mikla gagn, sem hann hefir unnið; því hann hefir mælt þetta afar fjöllotta land. Að visu var áður til uppdráttur yfir Ísland, og eg hefi sjálfur séð slíkan uppdrátt, er Ólsen hafði tilbúið með sinni vanalegu ástúðlegu léttúð, og sent síðan til Parísarborgar, og fékk hann þar nokkurskonar hrós; af þeim uppdrætti má sjá hvað Ísland var, en nú sést þar á móti hvað það er af þeim uppdrætti, sem hið íslenska bókmentafélag hefir gefið út og gjörður er úr efni því, er Björn Gunnlaugsson hefir safnað; sá uppdráttur er mjög svo ólíkur þeim, er menn áður höfðu. Enginn mun nú bera á móti því, að sú þekking á landslagi og ásigkomulagi Íslands, sem Björn Gunnlaugsson hefir útvegað oss, sé þýðingarmikil bæði fyrir visindin og svo í daglegu lífi,

með rentuseðlum (Coupons - Obligationer), er heyra til hinum 1861.  
föstu ríkisskuldum konungsveldisins, og ávallt hljóða uppá þann, 12. desemb.  
er þau hefir í höndum, verði borgaðir úr jarðabókarsjóðnum á  
Íslandi, án þess þeim sé sérstaklega ávísað í hvert skipti, og hefir  
fjárstjórnin í þessu efni beiðzt aðstóðar dómsmálastjórnarinnar.

Með því nú dómsmálastjórninni ekki virðist vera neitt til  
fyrirstöðu ráðstöfunum þeim, sem fjárstjórnin hefir stungið upp  
á, skal hér með skorað á yður, herra stiptamtmaður, að birta  
landfógetanum efni bréfs þess, sem að ofan er getið, og skipa  
fyrir um útborgunina svo sem með þarf, og að öðru leyti gæta  
þess, að farið sé eptir því, sem ákveðið er í bréfinu.

### Fylgiskjal.

**Bréf fjárstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar,  
dagsett 25. októbermánaðar 1861, um borgun vaxta  
af ríkisskuldabréfum með rentuseðlum.**

Til fjárstjórnarinnar hefir komið bænarskrá um, að borgaðir  
verði úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi vextir af fimm nýjum  
ríkisskuldabréfum með rentuseðlum, að upphæð 1300 rdl., er  
heyra til hinum föstu ríkisskuldum konungsveldisins; en þetta hefir  
vakið athuga fjárstjórnarinnar á því, hvort ekki mundi mega koma  
á sama fyrirkomulagi við jarðabókarsjóðina á Íslandi og Færeyj-  
um, eins og við aðra sjóði í konungsveldinu, þar sem borgaðir

fyrir Íslendinga sjálfa og fyrir stjórnina hér í Danmörku, jafnvel  
þó uppdráttur hans, sem vonlegt er, ekki geti jafnast á við upp-  
drætti þá, sem landmælingaráðið (Staben) hér býr til. Þetta liggur  
í augum uppi, en eg skal aðeins leyfa mér að benda hinu heiðr-  
aða þingi á að hugleiða, hvað það mundi hafa kostað, ef menn,  
sem til þess hefðu verið skipaðir, og fengið borgun úr ríkissjóði á vana-  
legan hátt, hefðu átt að vinna verk það, er hann hefir unnið. Til  
þess mundi hafa orðið að verja afar miklu fê; en þar á móti fekk  
Björn Gunnlaugsson aðeins þenna eina dal um daginn til að ferð-  
ast með um landið (enginn hefði getað komizt af með þetta, nema  
hann væri Íslendingur og hefði til að bera nægjusemi Íslendinga),

1861. eru vextir af ríkisskuldabréfum til innlausnar rentuseðlum, þegar  
 12. desemb. gjalddagi þeirra er kominn, án þess þeim sé sérstaklega ávísað. Ef dómsmálastjórninni ekki virðist vera neitt þessu til fyrir-  
 stöðu, þá biður fjárstjórnin um, að hlutaðeigandi stiptamtmaður  
 og amtmaður verði látnir birta landfógetunum á Íslandi og Færeyjum  
 það, sem nú skal greina, þeim til leiðbeiningar og eptirbreytni:  
 Samkvæmt meðfylgjandi auglýsing 22. septemberm. 1859 er  
 fjárstjórnin farin að gefa út 8 flokka af skuldabréfum, er heyra  
 til hinum föstu ríkisskuldum konungsveldisins, og er svarað af  
 4 af hundraði í vöxtu, en flokkarnir eru: Litr. K að upphæð  
 1000 rd., Litr. L 500 rd., Litr. M. 200 rd. og Litr. N. 100  
 rd. á dönsku, og Litr. R að upphæð 1000 rd., Litr. S 500  
 rd., Litr. T 200 rd. og Litr. U 100 rd. á þýzku; einnig er  
 fjárstjórnin farin að gefa út fjóra flokka af skuldabréfum á dönsku  
 máli, er heyra til ríkisskuldum konungsríkisins Danmerkur, og  
 svarað er af í vöxtu 4 af hundraði, en þeir flokkar eru: Litr. B.  
 að upphæð 1000 rd., Litr. C. 500 rd., Litr. D 200 rd. og Litr.  
 E 100 rd. Öll þessi skuldabréf eiga ávallt að hljóða upp á þann,  
 er þau hefir í höndum; með þeim eru rentuseðlar, er eiga gjald-  
 daga 11. júnímánaðar og 11. desembermánaðar á ári hverju. Af  
 hverjum af þessum tólf flokkum af rentuseðlum fylgja bréfi  
 þessu sem sýnishorn tveir seðlar, sem búið er að ónýta, einn  
 handa hverjum landfógeta. Í rentuseðlum er þess getið, á  
 hverjum gjalddaga hvern þeirra skuli borga. Fyrst um sinn  
 undirskrifar W. Thellemann þá rentuseðla, sem hljóða upp á  
 20 rd. og 10 rd., og P. Stolpe þá, er hljóða upp á 4 rd. og 2  
 rd. Þess ber að gæta, að undir letrinu á rentuseðlum eru

---

og síðar 100 rd. á ári í viðbót úr ríkissjóði. Þetta er allt það,  
 sem þessi maður hefir fengið fyrir að mæla land, sem er 1860 fer-  
 hyrningsmílur að stærð, og það fyrir verk, sem er jafn vandlega afhendi  
 leyst og hann hefir gjört. Mér virðist því, að jafnvel hefði  
 verið ástæða til að fallast á frumvarp stjórnarinnar, þó það hefði  
 farið enn lengra og ákveðið hærri eptirlaun, til þess elli Bjarnar  
 Gunnlaugssonar gæti orðið áhyggjulaus; en frumvarpið er reyndar  
 gott eins og það er, og eg gjóri mér í hugarlund, að enginn í  
 þessum sal muni greiða atkvæði móti því".